

Af hverju eru svo margar kirkjudeildir til?

Í Jóhannesarguðspjalli 17.21 biður Jesús fyrir einingu trúaðra. Hann bað þess að við mætum vera eitt í honum eins og hann er eitt með föðurnum. Hann bað þess að við gætum verið eitt svo að heimurinn megi trúa að Jesús var sendur af Guði.

En erum við eitt? Af hverju eru svo margar mismunandi kirkjudeildir innan kristinnar trúar? Með svona marga valmöguleika, getur það verið ruglandi að velja hverri maður á að tilheyra. Ef kirkjan er samfélag trúaðra í Kristi, hvers vegna er þá svona mikil sundrung?

Lærisveinninn Jóhannes skrifaði Opínberunarbókina á meðan að hann var fangi á eyjunni Patmos. Höfundurinn bókarinnar er Jesús samkvæmt fyrsta versni bókarinnar. Hér á eftir munum við einblína á 6. kafla Opínberunarbókarinnar.

Lestu fyrst allan 6. kafla Opínberunarbókarinnar.

1. Hver opnaði 1. innsiglið? Opínberunarbókin 6.1 _____

Ath. Hverjar eru „verurnar fjórar?“ Gríska orðið „zoon“ þýðir „lifandi vera“. Sumir telja að þetta hafi verið englar.

2. Hvernig var fyrsti hesturinn á litinn og hvað táknaði hann? Opínberunarbókin 6.2

Ath. Jóhannes tilheyrði fyrstu aldar kirkjunni eftir upprisu Jesú. Á þeim tíma sneru farsælir hershöfðingi úr stríði á hvítum hesti, og það stóð fyrir sigur þeirra. Hvítt táknar einnig hreinleika. Frumkirkjan einkenndist af sigrum og hreinleika. Hún einkenndist af anda og kærleika Krists og fagnaðarerindið breiddist ótrúlega hratt út. Þetta tímabil varði frá u.þ.b. 33 e.Kr. til 99 e.Kr. Fyrsta innsiglið táknar sigrandi kirkju.

3. Hvernig var annar hesturinn á litinn og hvað táknaði hann? Opínberunarbókin 6.3-4

Ath. Satan reiddist framgangi kirkjunnar og reyndi að stöðva hana. Næsta tímabil, 100 e.Kr. – 323 e.Kr. stóðu miklar ofsóknir yfir gegn kristnum. Mörgum kristnum var kastað fyrir ljón meðan áhorfandaskarinn hæddist að þeim. Margir trúaðir voru brytjaðir niður. En því meir sem þeir voru ofsóttir, því meir óx kirkjan. Blóð píslarvottanna reyndist fræ fagnaðarerindisins. Satan gerði sér grein fyrir því að hann yrði að breyta um hernaðaráætlun. Og það gerði hann.

4. Hvernig var þriðji hesturinn á litinn og hvað táknaði hann? Opinberunarbókin 6.5-6

Ath. Páll sagði fyrir um í Postulasögunni 20.28-31 að menn myndu falla frá sannleikanum um Guð. Á þessu tímabili spillingar og efnishyggju var kirkjan vegin á vogaskálum og léttvæg fundin. Satan breytti hernaðaraðgerðum sínum og setti fram brenglaða mynd af sannleikanum. Heiðingjar, sem ekki höfðu tekið við sannleikanum að fullu, komu inni kirkjuna með heiðnar venjur. Leiðtogar kirkjunnar voru tilbúnir að miðla málum svo að sætt gæti náðst milli heiðni og kristni. Miklar breytingar áttu sér stað. Heiðnir siðir héldu áfram að læða sér inni kirkjuna á tímabilinu 323 e.Kr. – 538 e.Kr. og komu í stað fyrri sannleika og máttar frumkirkjunnar. Myndir og líkneski fóru að sjást í kirkjum. Kirkjuþing fóru að koma í stað orðs Guðs. Árið 321 e.Kr. lýstu borgaraleg lög Konstantínusar því yfir að allt ætti að vera lokað á fyrsta degi vikunnar – og „helgidagur sólarinnar“ knúinn fram. Fyrstu lög um sunnudagshelgihald voru sett árið 325 e.Kr. Með tíð og tíma hafa mannalög komið í stað laga Guðs. Þriðja innsiglið tákna málamiðlanir og spillingu.

5. Hvað kenndi Jesús varðandi lögmál boðorðanna tíu? Matteus 5.17-19

6. Hvað segir Jesús um þá sem kenna mannasetningar frekar en lög hans í kirkjunni? Matteus 15:8-9

7. Hvernig var fjórði hesturinn á litinn og hvað táknaði hann? Opinberunarbókin 6.7-8

Ath. Kirkja, sem var í upphafi kröftug og andleg varð á endanum andlega dauð eftir málamiðlanir við heiðni, uns kraftur og andi Guðs hafði yfirgefið hana. Satan var iðinn við að þynna út fagnaðarerindið. Þetta tímabil hefur verið kallað hinar myrku miðaldir, árin 538 e.Kr. – 1517 e.Kr. Á þessum tíma varð páfinn keisari Rómur og náði ótrúlegum völdum. Orði Guðs var haldið frá fólkinu og einungis rómverska kirkjan hafði aðgang að því. Sunnudagshelgihald kirkjunnar hófst árið 321 e.Kr., líkneski og helgir gripir komu inn í kirkjuna árið 327 e.Kr. og að lokum gerðu hreinsunareldurinn og syndaflát vart við sig ásamt þeirri heiðnu hugmynd að sálin sé ódauðleg og fólk tapaði þekkingunni á hinu sanna fagnaðarerindi um Jesú. Þeir sem ögruðu kenningum kirkjunnar voru líflátnir. En Guð hafði áætlun fyrir hina trúföstu fylgjendur hans, „hina sönnu kirkju hans.“

8. Hver er boðskapur fimmta innsiglisins? Opinberunarbókin 6.9-11

Ath. Upphaf siðbótarinnar var um 1517 e.Kr. Á þessum tíma reis margt trúfast fólk Guðs upp, sannfært um hræsni og villur innan kirkjunnar, og er líflátið – píslarvottar.

20-3

John Wycliff þýddi Biblíuna á tungu fólksins og Valdesarnir, hópur guðhrædds fólks, unnu ötullega við að handskrifa og dreifa Biblíunni á götum úti, oft dulbúnir sem kaupmenn. Húss og Híerónýmus, tvær hetjur siðbótarinnar, hlýddu einungis kenningum biblíunnar og voru síðar brenndir á báli af rómversku kirkjunni. Nokkru seinna uppgötvaði Marteinn Lúter, sem var prestur og hafði fundið gamla latneska Biblíu, að frelsun fæst ekki fyrir aflátsbréf né með syndayfirbót heldur fyrir trú á son Guðs. Smám saman endurheimti kirkjan sannleikann sem svo lengi hafði gleymst og grafið í myrkri.

9. Á hvað lögðu lærisveinar Guðs áherslu? Postulasagan 5:29

Ath. Það er okkur eðlislægt að bera meiri virðingu fyrir þeim sem eru andlegir leiðtogar en Guði sjálfum. Marteinn Lúter bað fylgjendur sína eindregið að nota ekki nafn sitt til að stofnsetja kirkju út frá þeim sannleik sem Guð hafði leitt hann til og varaði fólk við því að hafna nýjum sannindum. En hlýddu þeir honum? Nei. Marteinn Lúter trúði á ungbarnaskírni en árið 1650 komust margir að því að Biblían kenndi niðurdýfingarskírni og Roger Williams stofnsetti kirkju sem aðhylltist þessi nýju sannindi. Seinna urðu fylgjendur hans þekktir sem baptistar. Í Orðkviðunum 4.18 sýnir Guð okkur að sannleikurinn verður endurreistur líkt og þegar múrsteinar eru lagðir í undirstöður – einn í einu. Ef Guð myndi leiða allan sannleikann í ljós í einu vetfangi, yrði það okkur ofviða. Guð endurreisir og kennir eftir því hvað maðurinn getur höndlað.

En hér kemur vandamálið. Guð vill leiða börn sín áfram og vill ekki að þau nemi staðar við leiði forfeðra sinna, heldur haldi áfram göngunni í sívaxandi þekkingu á sannleikanum. Sannleikurinn er framsækinn. Samkvæmt Wycliff eigum við einungis að trúá Biblíunni. Samkvæmt Húss eigum við aðeins að hlýða Guði. Samkvæmt Lúter er frelsunin gjöf frá Guði sem við getum ekki unnið okkur inn. Samkvæmt Wesley leiðir frelsun til hærri siðferðisstaðals. Frá þessum mönnum Guðs skein sífellt meira og meira ljós en Guð ætlaði okkur ekki að nema staðar þar heldur að taka á móti nýjum sannleik samkvæmt leiðsögn hans.

10. Hver eru einkenni „sannrar“ kirkju? Jesaja 8.20

11. Hvaða táknmynd notar Jesús yfir sína sönnu kirkju? 2 Korintubríf 11.2

Ath. Guð notar hvað eftir annað hugtökin ,kona´ eða ,meyja´ eða ,brúður´ yfir kirkju hans. Hann lítur á sjálfan sig sem brúðgumann og kirkju sína sem brúður.

12. Hver eru einkenni „meyjunnar eða konunnar,“ hinnar sönnu kirkju Guðs í Opínberunarbókinni 12.17?

Ath. Hér sjáum við að hin sanna kirkja er auðkennd á því að hún heldur boðorð Guðs – öll boðorðin, jafnvel fjórða boðorðið sem er að virða hvíldardaginn, eins og frumkirkjan gerði.

13. Hvað er vitnisburður Jesú? Opínberunarbókin 19.10

Ath. Hin sanna kirkja Guðs mun vera kirkja sem tekur við af kostgæfni og rannsakar spádóma Biblíunnar. Það er kirkja sem trúir Biblíunni eingöngu og að það beri að fylgja öllum tíu boðorðunum hvað sem það kostar, því framfar ber að hlýða Guði en mönnum.

Samantekt: Við erum flækt í andlega baráttu sem á sér stað á þessari jörð. Satan er ávallt að reyna að koma í veg fyrir að við meðtökum sannleikann. Hann þráir að hindra ætlunarverk Guðs. Til allrar hamingju höfum við orð Guðs, Biblíuna, sem veitir okkur þekkingu á vilja Guðs og sannleika. Hlýðum við Guði eða mönnum? Valið er okkar.

Svör við nr. 20

Spurning 1 – Lambið

Spurning 2 – Hvítur; sigur

Spurning 3 – Rauður; ofbeldi

Spurning 4 – Svartur; málamiðlanir og spillingu

Spurning 5 - Hann kom ekki til að afnema heldur uppfylla

Spurning 6 – Þeir dýrka hann til einskis

Spurning 7 – Bleikur; dauði

Spurning 8 – Píslarvottar

Spurning 9 – Við eigum að hlýða Guði framar mönnum

Spurning 10 – Kenningar hennar eru ekki í andstöðu við lögmál Guðs

Spurning 11 – Meyja eða kona

Spurning 12 – Hún heldur boðorð Guðs

Spurning 13 – Andi spádómsgáfunnar